

Málfræðiverkefni 2

Eftirfarandi texti er úr bókinni Akam, ég og Annika eftir Þórunni Rakel Gylfadóttur, bls. 234 - 235.

Lestu textan vel og strikaðu yfir a.m.k. 10 lýsingarorð, fleiri ef þú getur.

Fram hjá mér þutu ávextir, grænmeti, túlpanar, börn, kerrur, hjól, veggjakrot og manneskjur sem mér fannst ætla að stöðva mig, ýmist undrandi eða ásakandi. Ég bara hljóp og hljóp þar til ég stóð á öndinni með beiskt blóðbragð í munninum við litla matvöruverslun. Lafmóð og skelfingu lostin laumaði ég mér inn fyrir. Dökkleitur maður með mikið og sítt skegg sat innan við lítið afgreiðsluborð þar sem þétt hlaðnar hillur þöktu veggina og náðu upp í loft. Ég fékk á tilfinninguna að ótal niðursuðudósir og hrísgrjónapokar myndu hrynja yfir okkur og við grafast þar undir. Mér fannst að ég hlyti að kafna þegar ég andaði að mér sterkum kryddilminum og kom þá auga á risastóra bauka af litríku kryddi við hlið afgreiðsluborðsins. Þar sem ég stóð eins og illa gerður hlutur á miðju gólfi byrjaði ég allt í einu að hristast og skjálfa, tennurnar í mér glömrðu og þótt ég ætlaði bara að spyrja hvar lestarstöðin væri, kom ég ekki upp einu orði. Dimm karlmannsrödd á framandi tungu barst úr litlu útvarpstæki á afgreiðsluborðinu. Maðurinn horfði stóreygur á mig. Þá stóð hann upp í hægðum sínum, gekk að dyrum búðarinnar og skimaði til beggja átta. Svo lokaði hann dyrunum, sneri lykli í skránni, dró gardínu fyrir hurðina og spurði: “Was ist passiert, armes Mädchen?”. Ekkert, sagði ég hríðskjálfandi og hristi höfuðið. Polizei? spurði hann og horfði beint í augu mín. Nein, stundi ég milli glamrandi tannanna. Das ist aber gut, sagði hann og hvarf bak við litríkt og mynstrað gardínuhengi aftan við afgreiðsluborðið.

Veldu 4 lýsingarorð úr textanum og stigbreyttu þau.

Þú mátt nota hjálpargögn eins og [Málið.is](#) eða [Beygingarlýsing íslensks nútímamáls](#).

Dæmi:

Frumstig sterkur

Miðstig sterkari

Efstastig sterkastur

Frumstig

Miðstig

Efstastig

Frumstig

Miðstig

Efstastig

Frumstig

Miðstig

Efstastig

Frumstig

Miðstig

Efstastig

Veldu nú 5 lýsingarorð úr textanum og notaðu þau í eigin málsgrein.

1. Lýsingarorð _____

2. Lýsingarorð _____

3. Lýsingarorð _____

4. Lýsingarorð _____

5. Lýsingarorð _____
